

A 1862/holdbart

Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin

Nefndartillaga um Sjóð æskunnar um loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni

Tillaga

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar í samstarfi við Norðurlandaráð og Norðurlandaráð æskunnar

að stofna Sjóð æskunnar um loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni í samstarfi við norrænu umhverfisfjármögnunarstofnanirnar og bjóði lífeyrissjóðum, sjálfseignarstofnunum og öðrum áhugasömum aðilum að leggja fé til sjóðsins;

að velja stjórnunarlíkan þar sem ungt fólk stýrir og leiðir sjóðinn og ungt fólk tekur þátt í þeim verkefnum sem sjóðurinn styrkir;

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum um

að að þær veiti opinberu fé til viðbótar í Sjóð æskunnar um loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni

Bakgrunnur

Sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna eru starfsáætlun heimsbyggðarinnar allrar í þeim tilgangi að útrýma fátækt, sporna gegn ójöfnuði, stemma stigu við hlýnun jarðar og stöðva hnignun líffræðilegrar fjölbreytni fyrir 2030. Samstarf ungs fólks og aðkoma þess að pólitískum ákvörðunum er mikilvægur þáttur í því að ná settum markmiðum. Við sjáum að til er ungt fólk sem er reiðubúið að axla ábyrgð, taka við stjórn og framkvæma.

Á undanförunum árum hefur ungt fólk látið sig æ meira varða loftslagsmálin svo og verndun jarðar og líffræðilegrar fjölbreytni. Á Norðurlöndum eigum við því láni að fagna að eiga ungmenni sem eru fyrirmyndir en einnig fé til að leggja af mörkum. Norðurlöndin verða að halda áfram að styðja við þann eldhug sem ríkir meðal ungs fólks. Við verðum að vinna með unga fólkinu að því að framfylgja heimsmarkmiðum um að draga úr loftslagsspori og stöðva hnignun líffræðilegrar fjölbreytni en jafnframt að treysta ungmennunum betur fyrir þeirra eigin framtíð. Hjá



samnorraenum stofnunum; Norræna fjárfestingarbankanum (NIB), Norræna þróunarsjóðnum (NDF), Norræna umhverfisfjármögnunarfélaginu (NEFCO) og norrænum sjálfseignarstofnunum er að finna hundruðin af starfsfólki, þúsundir reynslubanka og milljónir króna sem geta verið stoð við baráttu unga fólksins. Alls staðar á Norðurlöndum eru grænir fjárfestingarsjóðir og lífeyrissjóðir sem segjast hafa fé en vanta verkefni. Ungt fólk vill hafa áhrif, það er frumkvöðlar framtíðarinnar og við eigum að leggja því lið við að þróa verkefni og taka þá ábyrgð sem það óskar eftir.

Norræna sjálfbærnefndin veit af eigin reynslu að ungt fólk bæði vill og getur. Norræna ráðherranefndin, Norðurlandaráð æskunnar, skrifstofa Norðurlandaráðs og norræna sjálfbærnefndin hafa í sameiningu útbúið verkfærakassa fyrir ungt fólk um líffræðilega fjölbreytni til þess að raddir unga fólksins heyrist í aðdraganda fundarins í Kunming í Kína 2021. Málstofur fyrir ungt fólk hafa verið haldnar í öllum löndunum og á vegum Norðuratlantssamstarfsins, NORA. Ungt fólk formfesti nýverið samstarf sitt með sérstöku norrænu skjali (e. Chapter) um líffræðilega fjölbreytni. Í skjalinu setur unga fólkið orð á framtíðarsýn sína og leggur til frekari aðgerðir m.a. þegar nýr alþjóðasamningur um líffræðilega fjölbreytni kemur til framkvæmdar á Norðurlöndum. Samstarfið nær einnig til alþjóðlegra og evrópskra samstarfsneta ungs fólk sem lætur líffræðilega fjölbreytni sig varða. Í framtíðinni er stefnt að því að starfa með ungu fólki í Eystrasaltsríkjunum og þá í samlegð við aðgerðirnar gegn hlýnun jarðar.

Við sjáum ungt fólk með Gretu Thunberg og Fridays For Future í broddi fylkingar sem nýtir sér nýja tækni og samfélagsmiðla til að virkja og hvetja önnur ungmenni. Við trúum því að samstarf ungs fólks, í ríkum og fátækum löndum, sé mikilvægur þáttur í að skapa raunverulegar breytingar með aðgerðum.

Nefndin leggur til að stofnaður verði Náttúru- og loftslagssjóður æskunnar í nánu samstarfi við norrænu umhverfisfjármögnunarstofnanirnar (NIB, NEFCO og NDF). Nefndin hvetur til þess að Norðurlandaráði æskunnar og ungu fólki úr fyrrnefndu samstarfi um líffræðilega fjölbreytni verði falið að móta starfspjálfunaráætlun fyrir unga stjórnendur á sviði líffræðilegrar fjölbreytni og loftslagsmála. Norræn stjórnvöld mættu gjarnan veita opinbert fé til viðbótar og bjóða fleiri aðilum að leggja fé til sjóðsins og verkefna hans.

Sjóðurinn mun stuðla beinlínis að því að sjálfbærnimarkmiðunum verður hrint í framkvæmd, einkum markmiðum 12, 14, 15, 16 og 17.

Stjórnarsýsla sjóðsins gæti verið í umsjón Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins (Nefco), Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Norræna þróunarsjóðsins (NDF) eða fyrrnefnds samstarfs unga fólksins.



Norðurlöndum, 28. júní 2021

Anders Kronborg (S)

Anna Vikström (S)

Ingalill Olsen (A)

Ketil Kjenseth (V)

Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)

Magnus Ek (C)

Saara-Sofía Sirén (samli)

Simon Holmström (HI)

Sofía Geisler (NGV)

FYRIRVARI

Norrænt frelsi telur ekki þörf á fjárveitingum til þess að virkja ungt fólk sérstaklega í ákvörðunarferlum varðandi loftslags- og umhverfismál þar sem virðið sem í því felst er ekki álitíð nægilegt. Þá eru annmarkar á tillögunni með tilliti til lýðræðislegs fyrirsvars mismunandi sjónarmiða og einstaklinga.

Norrænt frelsi telur betra að virkja ungt fólk t.d. með tilliti til aukins skilnings á norrænum tungumálum og menningu, enda á unga kynslóðin í erfiðleikum með tjáskipti á sínu eigin tungumáli þvert á landamæri á Norðurlöndum.

Norrænt frelsi lýsir efasemdum um að skorið sé niður á sviðum á borð við menningu og tungumálaskilningi. Með hliðsjón af lokun landamæra í faraldrinum eru bæði menningarmál og tungumálaskilningur meðal þess sem styðja skal eftir megni til að styrkja samheldni Norðurlandabúa.

Norrænt frelsi leggur til að

Norðurlandaráð ákveði

að stofna ekki Sjóð æskunnar um loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni í samstarfi við norrænu umhverfisfjármögnunarstofnanirnar og bjóði lífeyrissjóðum, sjálfseignarstofnunum og öðrum áhugasömum aðilum að leggja fé til sjóðsins

Norðurlöndum 7. september 2021

Staffan Eklöf

Vilhelm Junnila